

Stýrihópur um framtíðarsýn fyrir Viðey

Ábyrgðaraðili:

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Markmið vinnunnar er að meta helstu sóknarfæri og áskoranir sem tengjast Viðey með nýrri stefnumótun, með því að rýna og nýta afurðir stefnumótunar frá fyrri tíð og móta nýja framtíðarsýn fyrir Viðey m.a. á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Viðamikil skýrsla um framtíðarsýn fyrir Viðey og aðrar eyjar á Sundum var unnin árið 2001 og hefur hún verið ákveðinn hornsteinn í starfsemi Reykjavíkurborga í Viðey allar götur síðan. Það er mikilvægt að fara yfir þær hugmyndir sem þar komu fram, meta árangur sl. 20 ára og í kjölfarið leggja fram drög að nýrri og uppfærðri framtíðarsýn. Árið 2021 var stofnaður starfshópur á vegum fagráðs, sem hafði það með höndum að undirbúa þá vinnu og koma málinu í farveg. Starfshópurinn skilaði greinargerð til fagráðs 21. desember 2021, þar sem farið var yfir helst áherslur í skýrslunni frá 2001 og rætt um áherslupunkta sem þörf væri á að endurskoða. Starfshópurinn lagði til að framhald yrði á þeirri vinnu, það er að uppfæra stefnu fyrir Viðey og stýrihópur yrði skipaður til verksins. Hinn nýi stýrihópur tekur nú við keflinu.

Stýrihópur:

Skúli Helgason formaður

Sabine Leskopf

(fulltrúi minnihluta)

Með stýrihópnum starfi:

Fulltrúi frá skipulagssviði og annar frá umhverfissviði, fulltrúi frá Borgarsögusafni og starfsmaður frá skrifstofu MÍR.

Hlutverk:

Stýrihópur fer yfir, mótar nýjar áherslur og uppfærir stefnu fyrir Viðey, m.a. byggt á fyrri vinnu. Áhersla verður á náttúru og umhverfismál, minjavörslu, menningu og skipulag, aðgengismál og starfsemi Reykjavíkur í Viðey á komandi árum.

Helstu verkefni:

- Móta tillögur um leiðir til að nýta sóknarfæri Viðeyjar sem friðsællar náttúruperlu í borgarlandinu.
- Fara yfir skýrsluna frá 2001 og greinargerð starfshóps frá 2021 og meta hvaða markmið hafa náðst og hver ekki og enn fremur hvaða markmið eiga ekki lengur við.
- Greina helstu breytur í umhverfi Viðeyjar á þessari öld, sem munu hafa áhrif á starfsemina.
- Eiga samtal við helstu hagaðila.
- Undirbúa verk- og tímaáætlun fyrir nýja stefnumótun.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópur leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil:

Stýrihópur skili niðurstöðum eigi síðar en 30. júní 2025 með tillögum og ábendingum.